Starfsemi Gildis - lífeyrissjóðs 2019


Hrein eign sjóðsins í árslok var 661,1 milljarður króna og hækkaði um 99,9 milljarða á milli ára. Á árinu greiddu 54.679 sjóðfélagar til Gildis og 24.550 fengu greiddan lífeyri. Samtals eiga 242.048 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum.

Eignir

Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 655.385 milljónum kr. í árslok 2019 og hækkaði um 99.062 m.kr. á árinu. Hrein eign séreignardeildar í árslok 2019 var 5.686 m.kr. og hækkaði um 791 m.kr. frá fyrra ári.


Eignir samtryggingardeildar skiptast þannig:

27,2%	Erlend hlutabréf
20,8%	Ríkistryggð skuldabréf
19,1%	Innlend hlutabréf
14,4%	Önnur innlend skuldabréf
9,5%	Veðskuldabréf
6,4%	Erlend skuldabréf
2,6%	Innlán



Ávöxtun sjóðsins á árinu er fyrst og fremst borin uppi af erlendum og innlendum hlutabréfum. Skuldabréf skiluðu einnig góðri ávöxtun á árinu, sem og flestir aðrir eignaflokkar. Vægi eigna í erlendri mynt var 38,2% í árslok 2019, samanborið við 34,6% í árslok 2018. Stefna Gildis er að auka vægi erlendra eigna á komandi árum með það að markmiði að auka áhættudreifingu sjóðsins.

Ávöxtun 2019



Stjórn sjóðsins

Gylfi Gíslason (formaður), Stefán Ólafsson (varaformaður), Áslaug Hulda Jónsdóttir, Freyja Önundardóttir, Guðmundur Ragnarsson, Ingibjörg Ólafsdóttir, Margrét Birkisdóttir og Sverrir Sverrisson.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson.

Efnahagsreikningur		í milljónum kr.
	2019	2018
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	344.940	273.727
Skuldabréf	293.342	272.050
Bankainnstæður	17.779	10.618
Aðrar fjárfestingar	0	49
Kröfur	5.057	4.809
Varanlegir rekstrarfjármunir	399	399
Skuldir	-446	-434
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**661.071**	**561.217**

Breytingar á hreinni eign		í milljónum kr.
	2019	2018
Iðgjöld	30.296	28.335
Lífeyrir	-17.918	-16.487
Framlag ríkisins vegna örorku	1.859	1.832
Hreinar fjárfestingartekjur	86.553	31.054
Rekstrarkostnaður	-937	-873
Hækkun á hreinni eign á árinu	99.853	43.861
Hrein eign frá fyrra ári	561.217	517.356
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**661.071**	**561.217**

Kennitölur samtryggingardeildar		
	2019	2018
Hrein nafnávöxtun	15,1%	5,8%
Hrein raunávöxtun	12,1%	2,4%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	5,5%	4,8%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	5,3%	3,9%
Hrein raunávöxtun (15 ára meðaltal)	3,1%	3,3%
Hrein raunávöxtun (20 ára meðaltal)	3,6%	3,7%
Tryggingafræðileg staða	3,7%	-1,1%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	35.264	34.216
Fjöldi launagreiðenda	6.431	6.090
Fjöldi lífeyrisþega	24.550	23.397
Rekstrarkostnaður – hlutfall af iðgjöldum	2,9%	2,9%
Rekstrarkostnaður – hlutfall af eignum	0,15%	0,16%
Árlegur rekstrarkostnaður á hvern sjóðfélaga	3.791 kr.	3.642 kr.